

Fundargerð 16.03.23

Mætt voru: Gunnar, Vala, Erla fulltrúar foreldra, Andrea, Heiðrún, Elísabeth fulltrúar í 8. bekk, Álfhildur, Sindri fulltrúar í 9. bekk, Eva, Dagbjörg, Steinar Bragi fulltrúar í 10. bekk, Ingibjörg M. Margrét Stefánsd., Róbert G. deildarstjóri tómsundar, María skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Félagsstarfið í Setrinu:

Deildarstjóri tómsundastarfs kynnti starfið í Setrinu. Hann fór yfir dagskrá vetrarins. Rætt var um að það væri heppilegt að flytja Setrið yfir í íþróttahúsið. Verið er að skoða hvort hægt sé að breyta fyrirlestrarsalnum með því að setja í hann milliloft.

Nemendur í 8. bekk hafa mætt vel í Setrið í vetur og eru ánægð. Nemendur á fundinum hafa ýmsar hugmyndir um hvað mætti bæta í Setrinu. Sigurður benti á að það væri t.d. gaman að fara í Vísindasmiðjuna. Einnig að gaman væri að fara saman í heimsókn í aðra félagsmiðstöðvar.

Dagskrá Setursins er gerð á kvöldin í samvinnu við nemendur. Þá koma þeir nemendur sem ekki mæta ekkert að dagskrárgerð. Rætt var hvernig hægt sé að virkja þá sem ekki eru að mæta á kvöldin. Dagskrárgerðin þarf að fara fram á skólatíma.

Farið var yfir að mætingu í Setrið. Það er aðallega 8. og 10. bekkur sem eru að mæta en mætingin mætti vera betri í öllum árgöngum. Það þarf að hvetja nemendur enn meira til að mæta í Setrið. Auglýsa þarf betur bæði á veggjum skólans og á samfélagsmiðlum. Einnig þurfa starfsmenn Setursins ásamt fulltrúum úr nemendafélagi að fara reglulega í stofur á skólatíma og kynna dagskrána. Stjórnendur munu funda með stjórn nemendafélagsins ásamt deildarstjóra tómsundastarfs til að skipuleggja þetta.

Deildarstjóri unglíngadeildar og deildarstjóri tómsunda hafa rætt við nemendur í 8. bekk um úrbætur. Nemendur hafa ýmsar hugmyndir um hvað gaman væri að gera í Setrinu t.d. að fá fyrirlestra fyrir nemendur á kvöldin. Foreldrafélagið er tilbúið að styrkja Setrið og greiða fyrir fyrirlestur.

Rætt var um að deildarstjóri unglíngadeildar og deildarstjóri tómsunda ræði einnig við 9. bekk og kanni hvaða hugmyndir þau hafi. Hvað myndi gera það að verkum að þau mættu betur í Setrið?

Skólaráð

Skólalæing og undirbúningur þess: María ræddi um að hafa skólalæing í maí og gerði það að tillögu sinni að það yrði á skólatíma t.d. kl. 8:30-9:50.

Önnur mál:

Fundi slitið,
Margrét Ólöf Jónsdóttir.